

Forsætisráðuneytinu hafa á undanförunum dögum borist fyrirspurnir frá fjölmiðlum um upplýsingar er varða aðkeypta þjónustu, verktakagreiðslur og ráðgjafakostnað ráðuneytisins. Ekki eru allar fyrirspurnirnar samljóða en í flestum tilvikum er beðið um upplýsingar frá upphafi þessa kjörtímabils, frá lokum maí 2007, til 1. febrúar 2009. Ráðuneytið hefur ákveðið í þessu tilviki að taka saman samhljóða upplýsingar hvað þetta varðar og fylgir hjálagn yfirlit yfir aðkeypta sérfræðiþjónustu ráðuneytisins fyrir framangreint tímabil.

Annars vegar er um að ræða gjaldfærða aðkeypta sérfræðiþjónustu fyrir forsætisráðuneytið, aðalskrifstofu, og hins vegar vegna ýmissa verkefna sem varða mörg önnur ráðuneyti í Stjórnarráði Íslands s.s. í kjölfar hruns fjármálakerfisins og ráðgjafar vegna heilbrigðis- og tryggingamála. Þessi verkefni eru færð undir fjárlagalið forsætisráðuneytisins en varða verkefni í mörgum öðrum ráðuneytum s.s. fjármálaráðuneyti, viðskiptaráðuneyti, utanríkisráðuneyti, félags- og tryggingamálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti. Má í þessu samhengi nefna erlenda og innlenda lögfræðiráðgjöf og lögfræðiþjónustu fyrir íslensk stjórnvöld í kjölfar bankahrunsins auk aðkeyptrar sérfræðiþjónustu vegna endurreisnar banka- og fjármálakerfisins, sem er veigamikill þáttur og hefur hátt vægi í heildarkostnaði á ábyrgðasviði ráðuneytisins á síðari hluta umrædds tímabils. Til að tryggja yfirsýn yfir fyrstu útgjöld sem tengjast efnahagsástandinu og viðbrögðum stjórnvalda var ákveðið að vista þennan kostnaðarlið undir forsætisráðuneytinu þó að heimfæra megi útgjöld víðar innan stjórnsýslunnar eins og áður kemur fram. Undirstrika ber að í fjárukalögum fyrir árið 2008 og af ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar var 350 milljónum króna veitt til þessa verkefnis. Samkvæmt meðfylgjandi yfirliti hafa nú verið greiddar út kr. 196.543.118 til þessa viðamikla og óvenjulega verkefnis.

Loks upplýsir forsætisráðuneytið að forsætisráðherra hefur ritað Ríkisendurskoðun bréf þar sem þess er farið á leit að Ríkisendurskoðun fari yfir fyrirbyggjandi samninga við utanaðkomandi ráðgjafa og verktaka, einkum í kjölfar bankahrunsins, og geri tillögur um samræmd vinnubrögð við slíka samningagerð sem nýtast muni Stjórnarráðinu við samningagerð af þessu tagi.

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ, aðalskrifstofa

Sérfræðiþjónusta tímabilið 24.05.07 - 31.01.09

Viðskipta- og hagfræðingar, lögg. endurskoðendur og rekstrarráðgjafar	553.500
Um er að ræða vinnu/gögn við gerð eftirlaunafrumvarps	
Lögfræðingar	3.601.844
Vinna við gerð eftirlaunafrumvarps, frumvarp vegna stjórnsýslulaga og álitserðir og ýmis verkefni.	
Læknar, hjúkrunarfræðingar og sjúkráþjálfarar	32.560
Bólusetning starfsmanna 2007 og 2008.	
Þýðendur, túlkar	1.447.511
Þýðing á ræðum, greinum og upplýsingum	
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	1.307.583
Kostnaður vegna ríkisstjórnar, efnahagsmála, lögfræði- og þjóðlendumála	

6.942.998

Ýmis verkefni

Sérfræðiþjónusta tímabilið 24.05.07 - 31.01.09

Nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimili fyrir börn	
Lögfræðingar	5.325.750
Álitsgerðir og vinna lögfræðinga	
Læknar, hjúkrunarfræðingar og sjúkraþjálfarar	600.000
Álitsgerðir	
Sálfræðingar, félagsfræðingar	812.976
Sérfræðiþjónusta	
Þýðendur, túlkar	1.285.001
Táknmálstúlkun	
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	818.909
Aðstoð við skýrslugerð og ráðgjöf	
	8.842.636
Ráðgjöf vegna breytinga í heilbrigðis- og tryggingamálum	
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	44.299.806
Aðkeypt þjónusta ráðgjafa, verkefnisstjórn undir forystu forsætisráðuneytis	
	44.299.806
Aðgerðir vegna neyðarástands á fjármálamarkaði sem færður er á lið hjá forsætisráðuneyti	
Viðskipta- og hagfræðingar, lögg. endurskoðendur og rekstrarráðgjafar	56.764.014
Erlend sérfræðiþjónusta í tengslum við endurreisn bankakerfisins	
Lögfræðingar	124.348.262
Innlend og erlend sérfræðiþjónusta lögmanna	
Þýðendur, túlkar	909.302
Þýðingar á tilkynningum, auglýsingum og bréfum.	
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	14.521.540
Aðkeypt þjónusta erlendra ráðgjafa og almannatengsl.	
	196.543.118
Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	
Lögfræðingar	496.869
Vinna við úrskurði	
Þýðendur, túlkar	166.756
Þýðing á breytingum á upplýsingalögum og uppfærslur	
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	1.037.000
Reifanir á úrskurðum, vinna við ritun leiðbeiningarits um upplýsingamál	
	1.700.625
Efnahagsrannsóknir	
Viðskipta- og hagfræðingar, lögg. endurskoðendur og rekstrarráðgjafar	20.000.000
Greiðslur skv. samningi um rannsóknir	
	20.000.000

Félag um rekstur fyrrverandi varnarsvæða	
Viðskipta- og hagfræðingar, lögg. endurskoðendur og rekstrarráðgjafar	5.500.000
Hlutdeild kostnaðar vegna þátttöku í fjárstreymisgreiningu	
Lögfræðingar	1.269.365
Ráðgjöf og aðstoð vegna umsagnar um málefni og þróun svæðisins	
Verkfræðingar, tæknifræðingar og arkitektar	312.026
Ráðgjöf um þróun svæðisins	
Þýðendur, túlkar	97.000
Þýðing á samningi	
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	648.096
Ráðgjöf um þróun svæðisins	
	7.826.487
Nefnd um þjóðlendur	
Lögfræðingar	334.400
Álitsgerðir	
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	303.121
Hönnun og ráðgjöf vegna skráningar þjóðlendna	
	637.521
Saga Íslands	
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	4.669.964
Vinna við ritun og rannsóknir	
	4.669.964
Undirbúningur vegna tveggja alda afmæli Jóns Sigurðssonar forseta	
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	24.096
Sérfræðiaðstoð við afmælisnefndina	
	24.096
Annað	
Þýðendur, túlkar	37.352
Þýðingar vegna verkefnisins Einfeldara Ísland	
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	9.095.011
leiðir til að styrkja atvinnulíf á landsbyggðinni og nefnd um ímynd Íslands.	
	9.132.363